

Sp.

42. Fyrirspurnir.

[41. mál]

- I. Til félagsmálaráðherra um heildarendurskoðun húsnæðismálalöggjafar.

Frá Einari Ágústssyni.

Hvað liður þeirri heildarendurskoðun húsnæðismálalöggjafar, sem Húsnæðismálastjórn var falin í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hinn 9. júlí 1965 um nokkra þætti þeirra mála?

- II. Til ríkisstjórnarinnar um Áburðarverksmiðjuna o. fl.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin notað heimildarlögin frá því í apríl í fyrravetur til að kaupa hlutabréf einkaaðila í Áburðarverksmiðjunni h/f?
2. Ef svo er, hvert hefur kaupverðið verið:
 - a) í hlutfalli við nafnverð hlutabréfanna,
 - b) í krónum til hvers aðila um sig?
3. Hverjar ráðstafanir hafa verið til þess gerðar, að bændur eigi þess kost í framtíðinni að fá keyptan nýtari áburð en „Kjarna“ á tún sín og önnur ræktarlönd, eða að leysa þá úr einokunarviðjum þeim um áburðarkaup, sem ríkisvaldið og Áburðarverksmiðjan h/f hafa haldið þeim í á undanförunum árum?

- III. Til ríkisstjórnarinnar um aðstoð við fátækar þjóðir.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hyggst ríkisstjórnin hafa frumkvæði að því, að gerð verði áætlun um skipulega aðstoð Íslendinga við fátækar þjóðir og stefnt að því marki, að aðstoðin verði 1% af þjóðarframleiðslunni árlega?

- IV. Til ríkisstjórnarinnar um öryggisráðstafanir vegna hafishættu.

Frá Gísla Guðmundssyni, Jónasi G. Rafnar, Birni Jónssyni og Jóni Ármanni Héðinssyni.

1. Hverjar eru tillögur hafisnefndar um öryggisráðstafanir vegna hafishættu?
2. Hvað hefur verið gert til að koma slíkum ráðstöfunum í framkvæmd?